



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Bréf til skólustjóra og rekstraraðila grunnskóla

Reykjavík 16. september 2021

2101059SA KEF/VFÁ

Málalykill: 04.03

Efni: Úthlutun úr Námsgagnasjóði 2021

Námsgagnasjóður var stofnaður á grundvelli laga um námsgögn nr. 71/2007 og hefur það hlutverk að leggja grunnskólum til fé til námsgagnakaupa. Með samkomulagi um tímabundna breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga 2011 færðist fjármögnun og rekstur Námsgagnasjóðs frá ríki til sveitarfélaga. Umsýsla sjóðsins, sem frá stofnun sjóðsins hafði verið hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, færðist við undirritun samkomulagsins til Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Námsgagnasjóður starfar skv. úthlutunarreglum sjóðsins, nr. 899/2016, sem samþykktar voru 31. október 2016. **Samkvæmt 3. gr. bera rekstraraðilar grunnskóla ábyrgð á eftirfylgd með ráðstöfun fjármagns úr sjóðnum og er þeim ætlað að fylgjast með því að grunnskólar nýti fjármagnið samkvæmt úthlutunarreglum sjóðsins.** Námsgagnasjóður getur kallað eftir gögnum um ráðstöfun úthlutunarfrjár frá rekstraraðilum grunnskóla skv. 5. gr.

Nú er komið að fimmtánda úthlutun úr sjóðnum og er greiðsla fyrir hvern skóla innt af hendi til rekstraraðila hans sem tekur mið af fjölda skráðra nemenda í hverjum grunnskóla á grundvelli nýjustu upplýsinga frá Hagstofu Íslands. Samkvæmt 4. grein úthlutunarreglna Námsgangasjóðs er ráðstöfun á fé sjóðsins einskorðað við kaup á námsgögnum frá lögaðilum öðrum en Menntamálastofnun og skulu námsgögnin samrýmast markmiðum aðalnámskrár grunnskóla. **Óheimilt er að verja fjármunum úr sjóðnum til búnaðar- og tækjakaupa, til búnaðar teljast m.a. ritföng.**

Árið 2021 hefur Námsgagnasjóður 64,2 millj. kr. til ráðstöfunar samkvæmt fyrrgreindu samkomulagi.

Meðfylgjandi er yfirlit sem sýnir upphæð úthlutunar fyrir hvern skóla.

Ef frekari upplýsinga er óskað vinsamlegast hafið samband við starfsmenn sjóðsins, Klöru E. Finnbogadóttur (klara.e.finnbogadottir@samband.is) eða Valgerði Freyju Ágústsdóttur (valgerdur.freyja.agustsdottir@samband.is). Síminn hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga er: 515 4900.

Virðingarfyllst

NÁMSGAGNASJÓÐUR

Klara E. Finnbogadóttir
starfsmaður stjórnar Námsgagnasjóðs

Valgerður Freyja Ágústsdóttir
starfsmaður stjórnar Námsgagnasjóðs